



---

# REGLUGERÐ UM HEIÐURSHÖLL ÍSÍ

---

## 1. Markmið

Meginmarkmiðið með Heiðurshöll ÍSÍ er að heiðra og kynna framúrskarandi afreksíþróttafólk og íþróttþjálfara og afrek þeirra.

## 2. Fyrirkomulag

Framkvæmdastjórn tekur ákvörðum um val einstaklinga í Heiðurshöll ÍSÍ að fengnum tilnefningum Heiðursráðs ÍSÍ.

Einungis er hægt að tilnefna einstaklinga sem hafa lokið keppnisferli sínum í viðkomandi íþrótt fyrir a.m.k. fimm árum síðan.

## 3. Tilnefningar

Framkvæmdastjórn ÍSÍ útnefnir að hámarki allt að tvo einstaklinga við afhendingu viðurkenningar til íþróttamanns ársins hverju sinni og allt að tvo fyrir hvert íþróttþing.

## 4. Viðurkenning

Íþróttamenn, sem útnefndir eru inn í Heiðurshöll ÍSÍ, fá viðurkenningarskjal sem staðfestir inntöku þeirra í Heiðurshöll ÍSÍ. Skjöldur, merktur viðkomandi íþróttamanni, verður afhjúpaður við sérstaka athöfn í höfuðstöðvum ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Einnig verður íþróttafreka íþróttamannsins minnst með viðeigandi hætti.

## 5. Safn

Hjá ÍSÍ skulu vera upplýsingar um íþróttuferil viðkomandi auk valinna minjagripa og mynda frá ferli hans. Umsýsla og utanumhald safnsins verður hjá ÍSÍ og staðsetning þess í Laugardal.

**Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar 3. febrúar 2011, breytt 4. janúar 2012, breytt 26. janúar 2012, breytt 12. mars 2015, breytt 6. apríl 2017.**